

FRAMKVÆMDAVÖKTUN Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI



HELGA JÓNSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2024

FS1006-24141

Forsíðumyndin: Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðinu. Horft í austur (ljósmynd Hildur Gestsdóttir).

©Fornleifastofnun Íslands 2024

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	3
Útdráttur	5
Abstract.....	5
Inngangur.....	6
Saga svæðisins	6
Rannsóknin	7
Heimildir	8
Viðauki – ljósmyndaskrá	9

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: **202404-0004.**

Þjóðminjasafnsnúmer: **2024-13.**

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna: **Á ekki við.**

Tilgangur: **Framkvæmdavakt vegna framkvæmda Veitna.**

Tegund: **Framkvæmdavakt.**

Staðsetning: **Skólavörðuholt, við gatnamót Skólavörðustígs og Frakkastígs, Reykjavík.**

GPS hnit: **ISN93, 356900A, 408523N.**

Rannsóknartími: **02.04.2024-08.05.2024.**

Leyfishafi: **Hildur Gestsdóttir.**

Fjöldi starfsmanna: **3.**

Útdráttur

Í apríl-maí 2024 stóðu starfsmenn Fornleifastofnunar framkvæmdavakt vegna vinnu Veitna ohf. á gatnamótum Skólavörðustígs, Frakkastígs og Njarðargötu í Reykjavík. Grafnir voru tveir skurðir, alls um 200 m². Í ljós kom að jarðvegsskipt hafði verið á 20. öld alls staðar þar sem grafið var og því engin óröskuð jarðlög að finna á svæðinu.

Lykilorð: Framkvæmdavakt, Skólavörðuholt, Reykjavík.

Abstract

A watching-brief was carried out by archaeologist from the Institute of Archaeology, of utility work being carried out by Veitur at the junction of Skólavörðustígur, Frakkastígur and Njarðargata in Reykjavík in April-May 2024. During the work two trenches were dug, in all around 200 m². All the trenches were cut into older 20th century utility trenches, no undisturbed deposits were seen and no archaeology recorded.

Keywords: Watching brief, Skólavörðuholt, Reykjavík.

Inngangur

Í lok mars 2024 fóru Veitur ohf. þess á leit við Fornleifastofnun Íslands stæði vakt eftir að Minjastofnun Íslands tilskipaði vöktun á framkvæmdum Veitna á gatnamótum Skólavörðustígs, Njarðargötu og Frakkastígs¹. Framkvæmdir voru þegar hafnar þegar Fornleifastofnun tók við verkefninu, en athugun á sniðum leiddi í ljós að jarðvegsskipt hafði verið á öllu svæðinu og því engar minjar að sjá.

Framkvæmdavaktin var staðin frá 2. apríl til 21. maí 2024. Þrír fornleifafræðingar stóðu vaktina á því tímabili, Hildur Gestsdóttir (leyfishafi), Helga Jónsdóttir og Stefán Ólafsson. Sá Helga um greinagerð þessa. Veitur kostuðu alla hluta verkefnisins.

Saga svæðisins

Skólavörðuholtið er stórgrýtt holt frá náttúrunnar hendi sem var óbyggt að mestu framan að. Heimild frá 1777 er um kot, Arnarhólshús, þar sem Skólavarðan stóð „...*Arnarhólshús bestanda í þremur auðsjáanlegum tóptum, með litlu garðlagi fyrir framan.*“² Holtið var kallað fyrst Arnarhólsholt en þegar Lærði skólinn fluttist 1785 frá Skálholti til Reykjavíkur hlóðu skólapiltar vörðu á holtinu³. Þannig er nafnið sem notað er í dag til komið. Skólavörðustígur myndaðist út frá Bakarastíg, seinna Bankastræti og liggur upp á holtið. Skólavarðan var endurreist af Árna Thorsteinssyni árið 1868. Svæðið meðfram stígnum fer þá að byggjast en til að byrja með aðallega neðarlega við hann⁴. Á Skólavörðuholtinu suðvestarlega reisti árið 1916 myndhöggvarinn Einar Jónsson listasafn sitt í húsinu Hnitbjörgum og var það með fyrstu húsum þess. Um 1917 voru þar aðal ruslahaugar Austurbæjar Reykjavíkur⁵. Húsin efst við Skólavörðustíginn voru byggð upp úr aldamótum 1900. Efsta húsið norðan megin, það sem er númer 45 núna var byggt árið 1927 en fyrsta húsið sem byggt var á þeirri lóð 1903, brann og eyðilagðist árið 1926⁶. Efsta hús sunnan megin við Skólavörðustíginn, hús númer 46 var byggt 1921. Það átti að vera þrjár hæðir en eingöngu var ein byggð til að byrja með. Það varð ekki fyrr en 1974-1975 sem tveimur hæðum var bætt ofan á⁷. Á árum seinni heimsstyrjaldarinnar var braggabygð hermannanna reist á holtinu. Var það kallað Skipton Camp⁸.

¹ Henný Hafsteinsdóttir 2024.

² Klemens Jónsson 1929, bls. 116-117.

³ Árni Óla 1979, bls. 4.

⁴ Jón Helgason 1937, bls. 60-61.

⁵ Guðjón Friðriksson 1994, bls. 30.

⁶ Drífa Kristín Prastardóttir og Guðný Gerður Gunnardsóttir 2007, bls. 14

⁷ Drífa Kristín Prastardóttir o.fl 2009, bls. 67

⁸ Eggert Þór Bernharðsson 2000, bls. 14, 27.

Rannsóknin

Framkvæmdavaktin var staðin frá 2. apríl til 21. maí 2024. Grafið var á tveimur svæðum, skurður 1 og skurður 2 (sjá mynd 1). Skurður 1 lá frá gatnamótum Skólavörðustígs og norðaustur eftir Frakkastíg við gatnamótin. Hann varð lengstur um 30 m og breiðastur um 13 m (alls um 175 m²), og að meðaltali um 1,5 m að dýpt. Búið var að grafa hann að mestu þegar vöktunin hófst. Skurður 2 var austan við Skólavörðustíg, undir gangstétt. Hann var 12 m á lengd og mest 2,5 m breiður (alls um 25 m²). Hann var að meðaltali tæpur meter á dýpt. Í ljós kom að búið var að jarðvegsskipta alls staðar þar sem grafið var. Einungis var grafið í skurði sem höfðu verið grafnir áður fyrir lagnir og hvergi sást í óraskaðan jarðveg, hvorki í botni né sniðum þeirra og því engar fornleifar skráðar.



Mynd 1. Kortið sýnir skurðina tvo sem Veitur grófu. Kortagerð Helga Jónsdóttir.

Heimildir

Árni Óla. (1979). *Brotnar eru borgirnar II. Skólavarðan*. Lesbók Morgunblaðsins, 20. tbl. 26.5.1979.

Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnardsóttir: Húsakönnun Skólavörðustígur – Kárastígur – Frakkastígur. Reykjavík 2007 Minjasafn Reykjavíkur Skýrsla nr. 137.

Drífa Kristín Þrastardóttir Helga Maureen Gylfadóttir Guðný Gerður Gunnarsdóttir: Húsakönnun Skólavörðustígur – Njarðargata – Þórsgata – Baldursgata – Lokastígur – Týsgata. Reykjavík 2009 Minjasafn Reykjavíkur Skýrsla nr. 144

Eggert Þór Bernharðsson. (2000). *Undir bárujárnsboga. Braggalíf Reykjavíkur 1940-1970*. JPV forlag.

Guðjón Friðriksson. (1994). *Saga Reykjavíkur. Bærinn vaknar 1870-1940. Síðari hluti*. Íðunn.

Henný Hafsteinsdóttir. 2024. *Skólavörðustígur og Frakkastígur – endurnýjun lagna og aflagning hitaveitubrunna*. MÍ202403-0168/6.00. Bréf sent Veitum ohf. 27. mars 2024.

Jón Helgason. (1937). *Reykjavík. Þættir og myndir úr sögu bæjarins. 1786-1936*. Ísafoldarprentstmiðja h.f..

Klemens Jónsson. (1929). *Saga Reykjavíkur. Fyrri bindi. Reykjavík*. Fjelagsprentsmiðjan.

Viðauki – ljósmyndaskrá

Tegund	Rammi	Svæði	Eining	Átt	Lýsing	Dags	Nafn
Ljósmynd	20240402_083520	1	-	NA	Yfirlitsmynd	2.4	HG
Ljósmynd	20240402_083525	1	-	V	Yfirlitsmynd	2.4	HG
Ljósmynd	20240402_083532	1	-	SV	Yfirlitsmynd	2.4	HG
Ljósmynd	20240411_155641	1	-	SV	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155655	1	-	NA	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155713	1	-	A	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155724	1	-	NA	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155819	1	-	A	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155825	1	-	A	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155922	1	-	NA	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_155946	1	-	NA	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_160008	1	-	NV	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_160020	1	-	N	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_160023	1	-	N	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240411_160028	1	-	V	Yfirlitsmynd	11.4	HG
Ljósmynd	20240508_1553	2	-	N	Yfirlitsmynd	8.5	SÓ